

Dómsmálaráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: **Alþingi**
Sendandi: **Dómsmálaráðuneytið**
Dagsetning: **14.10.2021**
Málsnúmer: **DMR21100052**
Bréfalykill: **5.11.0**

Efni: Minnisblað um reglur um uppkosningar

Vísað er til erindis Alþingis, dags. 5. október 2021, þar sem þess er óskað að dómsmálaráðuneytið taki saman minnisblað um hvaða reglur gildi um uppkosningar, sem haldnar eru á grundvelli 115. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Sérstaklega óskar Alþingi upplýsinga um hvaða reglur gildi um ákvörðun kjördags, skipan kjörstjórna, gerð kjörskrár, framboð, umsóknir um listabókstafi stjórnmálasamtaka og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, bæði innanlands og í útlöndum.

Eins og ráðið verður af lögum um kosningar til Alþingis er framkvæmd alþingiskosninga og ábyrgð á einstökum þáttum framkvæmdarinnar í höndum margra aðila sem hver og einn nýtur sjálfstæðis við úrlausn þeirra og ber á því ábyrgð hvernig úr þeim er leyst. Ráðuneytinu er því ekki falin ábyrgð á öllum þáttum kosningaferlisins. Þrátt fyrir það er í minnisblaði þessu leitast við að svara erindi Alþingis um þær reglur sem ráðuneytið telur að lesa megji úr lögum nr. 24/2000, eldri lögum um sama efni og lögskýringargögnum.

Í lögum um kosningar til Alþingis er hvorki að finna heildstæða umfjöllun um framkvæmd uppkosninga né skilgreiningu á því hugtaki. Uppkosninga er þó getið í nokkrum ákvæðum laganna, þar á meðal í 115. gr. laganna, sem hljóðar svo:

Nú verður uppkosning nauðsynleg fyrir það að kosning er úrskurðuð ógild skv. 46. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 120. og 121. gr. þessara laga, og skal þá ráðuneytið með auglýsingu kveðja til nýrra kosninga í kjördæmi og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar.

Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

Þá er uppkosninga að auki getið í 48., 51., 113. gr. og 121. gr. laganna og verður gerð nánari grein fyrir þeim ákvæðum eftir því sem efni standa til í eftirfarandi umfjöllun.

Söguleg þróun lagaákvæða um uppkosningar.

Sökum þess hversu fáorð gildandi lög um kosningar til Alþingis eru um framkvæmd uppkosninga þykir nauðsynlegt að gera grein fyrir sögulegri þróun 115. gr. laganna og eftir atvikum öðrum lagaákvæðum sem þýðingu geta haft. Tekið skal fram að ekki er um tæmandi yfirlit að ræða. Þau orð eða setningarhlutar sem kunna að mati ráðuneytisins að hafa sérstaka þýðingu eru feitletruð.

Eftir því sem ráðuneytið kemst næst var fyrst mælt fyrir um uppkosningar í heiti 11. kafla (**Uppkosningar, aukakosningar og kosningar eftir þingrof**) og í 54. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 18/1903, sem hljóðaði svo:

Nú verður **uppkosning** nauðsynleg, eða þingmannssæti autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá landshöfðingi fyrirskipa nýjar kosningar svo fljótt, sem því verður við komið, eða þurfa þykir, og ákveða kjördag, og getur hann þá, ef þörf þykir, stýtt fresti þá, sem ákveðnir eru í lögum þessum, og skal hann auglýsa fyrirskipun sína í B-deild stjórnartíðindanna, og jafnframt tilkynna yfirkjörstjórninni, svo að hún geti í tæka tíð sent undirkjörstjórnnum þau gögn, er lög

Þessi ákveða.

Að öðru leyti fer um kosninguna eins og lög þessi mæla fyrir.

Aukakosning gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

Í skýringum við framangreinda 54. gr. laga nr. 18/1903 sagði það eitt að þótt hefði „rjettast að nefna uppkosningu berum orðum bæði í 54. gr. og í fyrirsögninni fyrir 11. kafla frumvarpsins meðal þeirra atvika sem ákvæði hennar [ættu] við.“ Frekari leiðbeiningar um framkvæmd uppkosninga var hvorki að finna í frumvarpi til laganna né öðrum lögskýringargögnum. Ákvæði 54. gr. laga nr. 18/1903 var síðar tekið óbreytt upp í 53. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 28/1915, að því frátöldu að stjórnarráðið kom í stað landshöfðingja. Ekki var frekar vikið að framkvæmd uppkosninga í lögskýringargögnum þeirra laga.

Ákvæðið var enn tekið upp í 135. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 18/1934, og hafði þá færst nær núgildandi mynd þess.:

Nú deyr frambjóðandi í kjördæmi, þar sem kosið er óhlutbundnum kosningum, innan viku fyrir kjördag (sbr. 32. gr.), eða uppkosning verður nauðsynleg fyrir það, að kosning er úrskurðuð ógild samkv. 41. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 142. og 143. gr. þessara laga, eða þingmannssæti verður af öðrum ástæðum autt áður en kjörtímabil er á enda, og skal þá dómsmálaráðuneytið með auglýsingu í Lögbirtingablaðinu kveðja til nýrra kosninga og **ákveða kjördag svo fljótt sem því verður komið, og eigi síðar en innan mánaðar**, ef kosningu hefir verið frestað sökum þess að frambjóðandi hafi látizt, eða ef um uppkosningu er að ræða fyrir fyrir það, að kosning hafi verið úrskurðuð ógild.

Kosningu og kjördag skal tilkynna yfirkjörstjórn í tæka tíð, svo að hún geti sent undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Að öðru leyti fer kosning fram samkvæmt fyrir mælum þessara laga.

Aukakosning þingmanns gildir fyrir svo langan tíma, sem sá átti eftir, er hinn nýkosni kemur í staðinn fyrir.

Svo sem sjá má var dómsmálaráðuneytið nú komið í stað stjórnarráðsins og í fyrsta sinn kveðið á um að ráðuneytið skyldi ákveða kjördag svo fljótt sem því yrði við komið, og eigi síðar en innan mánaðar. Ekki er fyllilega ljóst hvort ákvæðið fól sér fyrir mæli um ráðuneytið skyldi taka ákvörðun um kjördag innan mánaðar, eða að kjördagur skyldi vera innan mánaðar. Um skyldu ráðuneytisins til að ákveða kjördag er nú fjallað í 1. mgr. 115. gr. laga nr. 24/2000, og er orðalag þess ákvæðis enn hið sama og í 135. gr. laga nr. 18/1934, hvað þetta varðar.

Í lögum nr. 18/1934, var aukinheldur að finna nokkur nýmæli sem rétt þykir að gera grein fyrir og mögulega geta haft þýðingu við túlkun gildandi lagaákvæða um uppkosningar. Þannig var í 133. gr. laganna beinlínis gert ráð fyrir þeim möguleika að Alþingi ónýtti kosningu þingmanns við almennar kosningar og breyttar atkvæðatölur yllu því að skipun uppbótasæta breyttist. Ákvæðið hljóðaði svo:

Nú hefir Alþingi úrskurðað ógilda kosningu þingmanns, sem kjörbréf hefir fengið í kjördæmi eftir almennar alþingiskosningar, og uppkosning hefir farið fram (sbr. 142. og 143. gr.), og skal þá landskjörstjórn, ef samanlagðar atkvæðatölur þingflokka og þingmanntala þeirra gefa nú ástæðu til slíks, leiðrétta fyrri niðurstöður um úthlutun uppbótarþingsæta, jafnvel þótt landskjörinn þingmaður missi við það umboð sitt.

Þó að frambjóðandi flokks fjölgi við sig atkvæðum við uppkosningu, miðast uppbót flokksins aldrei við hærri atkvæðatölu en honum var reiknuð eftir aðalkosninguna. Flokkur, sem við aðalkosninguna hefir ekki náð þingsæti í kjördæmi, en nær því við uppkosningu, fær ekki við það rétt til uppbótarþingsætis.

Með framangreindu lagaákvæði var gert ráð fyrir þeim möguleika að uppkosningar færu fram í einungis einu kjördæmi, jafnvel þótt það hefði áhrif á kosningu á landsvísu. Samsvarandi ákvæði, en þó með mikið breyttu orðalagi, er nú að finna í 113. gr. gildandi laga um kosningar til Alþingis.

Þá er einnig rétt að geta 143. gr. laga nr. 18/1934, er fjallaði um uppkosningar í tengslum við

ógildingu kosningu þingmanns í tvímenniskjördæmi og heils lista í Reykjavík. Orðalag 2. mgr. 143. gr. má skilja sem svo að með uppkosningum sé einungis átt við *endurteknaatkvæðagreiðslu*:

Nú hefir Alþingi úrskurðað kosningu þingmanns ógilda, og skal þá uppkosning fara fram, svo og ef þingmaður missir kjörgengi, nema þeir eigi tilkall til varamanns.

Nú er aðeins kosning annars þingmanns í tvímenningskjördæmi úrskurðuð ógild, og fer þá uppkosning fram að því er snertir þingsæti hans. Ef kosning heils lista í Reykjavík er úrskurðuð ógild, skal öll kosningin **endurtekin**.

Þá skal þess að lokum getið að í 53. gr. laganna var tekið fram að við tilteknað stæður skyldi aukakosning falla niður, en við „almennar kosningar, svo og uppkosningar í sambandi við þær“, félli kosning ekki niður. Orðalag þessa ákvæðis gefur til kynna að uppkosningar standi í beinum tengslum við eða séu framhald á reglulegum kosningum en ekki nýjar almennar kosningar.

Framangreind ákvæði laga nr. 18/1934, voru öll tekin efnislega upp í lög um kosningar til Alþingis, nr. 80/1942, að því frátöldu að í 2. mgr. 143. gr. var nú kveðið á um að ef kosning heils lista í kjördæmi, þar sem kosið hafði verið hlutbundnum kosningum, væri úrskurð ógild, skyldi öll kosningin þar endurtekin.

Þau ákvæði laga um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sem hér skipta máli, voru að mestu efnislega samhljóða eldri ákvæðum, en þó skal bent á tvær veigamiklar breytingar. Í fyrsta lagi voru með 14., 15., 18. og 19. gr. þeirra laga gerðar umtalsverðar breytingar á ákvæðum um kjörskrár. Þar á meðal var fallið frá skyldu til samningar kjörskrár ár hvert; skyldi kjörskrá framvegis einungis samin er alþingiskosningar stæðu fyrir dyrum. Á samsvarandi hátt var gildistími kjörskráa, sem áður hafði verið eitt ár, felldur niður. Um þessar breytingar sagði í athugasemdum við 14., 15., 18. og 19. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 52/1959:

Sú breyting er gerð frá núgildandi ákvæðum, sbr. lög nr. 9/1959, að ekki er ætlað til, að kjörskrár séu samdar, nema þegar kosningar til Alþingis eiga fram að fara og að kjörskrárnar gildi um **þær** kosningar einar, **þar á meðal uppkosningar, ef því er að skipta**.

Samkvæmt framangreindu virðist hafa verið skýr fyrirætlan Alþingis, að kjörskrá yrði eftirleiðis einungis samin í aðdraganda alþingiskosninga en ekki á hverju ári, og að hún gildi um einar alþingiskosningar og auki uppkosningar væru þær nauðsynlegar. Raunar virðist orðalagið „þar á meðal uppkosningar“ gefa til kynna að litið hafi verið svo á að uppkosningar væru hluti af sama ferli og reglulegar alþingiskosningar en ekki nýtt ferli. Rétt er að taka fram að ákvæði gildandi laga um kjörskrár eru óbreytt hvað þetta varðar.

Einnig er rétt að geta þess að gerð var breyting á orðalagi þess ákvæðis sem fjallaði um ógildingu kosningar heils lista, sbr. 143. gr. laga nr. 18/1934 og laga nr. 80/1942. Í 137. gr. laga nr. 52/1959 sagði þannig:

Nú hefur Alþingi úrskurðað kosningu heils lista í kjördæmi ógilda, og skal þá **uppkosning** fara þar fram.

Hér hefur orðið „uppkosning“ komið í stað „kosningin endurtekin“. Um ástæður þess sagði það eitt í skýringum við ákvæðið að aðeins væru „gerðar þær breytingar, sem [leiddu] af því, að óhlutbundnar kosningar [féllu] niður.“ Líta má svo á að þetta bendi til þess að hugtökin „endurteknar kosningar“ og „uppkosningar“ hafi hér verið lögð að jöfnu. Rétt er að taka fram að ákvæðið stendur enn í þessari mynd í gildandi lögum um kosningar til Alþingis, sbr. 121. gr. laga nr. 24/2000.

Ný heildarlög um kosningar til Alþingis voru næst samþykkt sem lög nr. 80/1987. Ákvæði þeirra laga voru að breyttu breytanda samsvarandi þeim sem að framan eru rakin að því leyti sem máli skiptir fyrir þessa umfjöllun.

Sömu sögu er að segja af gildandi lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, en þó er rétt að geta tveggja breytinga. Í fyrsta lagi var afnumin skylda dómsmálaráðuneytisins samkvæmt 115. gr. til að birtinga auglýsingu um uppkosningu í Lögbirtingablaði og í öðru lagi afnumin skylda ráðuneytisins til að tilkynna yfirkjörstjórn um kosningu og kjördag í tæka tíð, svo að hún gæti sent

undirkjörstjórnnum lögboðin kjörgögn. Í skýringum við 115. gr. sagði það eitt um þessa breytingu að eftir stæði að kosningin ætti að fara fram samkvæmt fyrirmælum laganna og giltu þá ákvæði 2. mgr. 20. gr. um auglýsinguna.

Uppkosningar samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar, nr. 5/1998.

Samkvæmt 90. og 91. gr. laga um kosningar til sveitarstjórnar, nr. 5/1998, skal sitjandi sveitarstjórn í samráði við yfirkjörstjórn boða til nýrra kosninga, uppkosninga eða aukakosninga, í sveitarfélagi og ákveða kjördag hafi kosning verið úrskurðuð ógild. Skulu uppkosningar fara fram samkvæmt fyrirmælum laganna eftir því sem við *getur átt* með þeirri undantekningu að fari kosningar fram sex mánuðum eftir fyrri kosningar skal gerð ný kjörskrá. Ákvæði 91. gr. laga nr. 5/1998, sem kveður á um hvaða kjörskrá skuli gilda við aukakosningar, var fyrst lögfest með sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986. Í greinargerð frumvarpsins sem varð að umræddum sveitarstjórnarlögum er rakið að reglan hafi verið sett til að taka af tvímæli um gerð kjörskrár þegar aukakosningar fara fram. Þá segir að þetta álitæfni hafi orðið tilefni réttarágreinings og vísað til dóms Hæstaréttar Íslands frá 9. febrúar 1982, í máli nr. 96/1980.

Í því máli var fjallað um tvennar kosningar sem fram fóru til héraðsnefndar Geithellnahrepps, hin fyrri þann 25. júní 1978 og hin síðari var uppkosning sem fram fór 10. júní 1979. Fyrri kosningin var úrskurðuð ógild af félagsmálaráðuneytinu með úrskurði þann 5. september 1978. Uppkosningarnar voru einnig kærðar til félagsmálaráðuneytisins, meðal annars á þeim grundvelli að ekki hefði verið lögð fram ný kjörskrá heldur notast við þá kjörskrá sem var til staðar í fyrri kosningum sem þá var orðin árgömul. Töldu kærendur í málinu að slíkt væri í andstöðu við 3. mgr. 129. gr. þágildandi laga um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sem svarar að mestu til 2. mgr. 115. gr. nógildandi laga um kosningar til Alþingis. Í ákvæðinu sagði að uppkosningar skyldu fara fram samkvæmt fyrirmælum laganna. Töldu kærendur að ákvæðið ætti jafnframt við kosningar til sveitarstjórna. Í úrskurði félagsmálaráðuneytisins sagði um þetta atriði:

Þar sem hér var um uppkosningu að ræða, segir það sig sjálf, að allt átti, svo sem frekast var unnt, að vera eins og var, er sveitarstjórnarkosningarnar í Geithellnahreppi fóru fram 25. júní 1978, þ. e. sömu listar í framboði, sama kjörskrá og sama kjörstjórn. Ef svo hefði ekki verið, hefði verið um nýjar kosningar að ræða, en ekki um uppkosningu.

Í dómi bæjarþings Reykjavíkur þann 29. apríl 1980 var þessum sjónarmiðum ráðuneytisins hafnað. Taldi dómurinn að í lögum væri ekki að finna ákvæði sem undanskildi sveitarstjórn að gera nýja kjörskrá við uppkosningar og að til grundvallar kosningu til hreppsnefndarinnar þann 10. júní 1979 hefði því átt leggja fram nýja kjörskrá. Þá voru skilyrði kosningaréttar og kjörgengis reifuð og taldi dómurinn ósannað að þeir sem kusu í uppkosningunum hefðu uppfyllt þau skilyrði eða að þeir sem voru í kjöri hefðu uppfyllt kjörgengisskilyrði þar sem byggt var á eldri kjörskrá. Niðurstaða bæjarþings var að ógilda uppkosningarnar af þeim sökum. Í dómi Hæstaréttar komu álitæfnin hins vegar ekki til athugunar vegna réttarfarsskilyrða.

Sé litið til niðurstöðu bæjarþings, að svo miklu leyti sem hún hefur fordæmisgildi, verður ekki annað lagt til grundvallar en að við uppkosningar vegna sveitastjórnar hafi borið, á þeim tíma er dómurinn gekk, að semja nýja kjörskrá. Byggðist sú túlkun sem fyrr segir á þágildandi ákvæði 3. mgr. 129. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, sem svarar til gildandi 2. mgr. 115. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

Ráðuneytið telur þó ekki sjálfgefið að dóminn beri að skilja sem svo að við uppkosningar vegna kosninga til Alþingis beri að leggja sömu túlkun til grundvallar. Kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi er að finna skýr ummæli í skýringum við 14., 15., 18. og 19. gr. frumvarps þess sem varð að lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52/1959, þess efnis að kjörskrá skuli gilda um einar kosningar til Alþingis, þar á meðal uppkosningar. Í öðru lagi verður ekki framhjá því litið að eðlismunur eru á kosningum til Alþingis og kosningum til sveitarstjórnar. Þannig eru sveitarstjórnir staðbundin stjórnvöld og hefur kosning til einnar sveitarstjórnar engin áhrif á kosningu til annarrar. Þetta á ekki við um kosningar til

Alþingis þar sem úrslit kosninga í einu kjördæmi geta haft áhrif á niðurstöðu hinna almennu kosninga á landsvísu.

Þá er ráðuneytinu kunnugt um eitt tiltölulega nýlegt dæmi þess að uppkosningar hafi farið fram til sveitarstjórnar frá þeim lagabreytingum sem gerðar voru á lögum um kosningar til sveitarstjórnar árið 1986. Í því tilvikinu voru kosningar til sveitarstjórnar Borgarbyggðar, sem upphaflega fóru fram þann 25. maí 2002, ógiltar með úrskurði félagsmálaráðuneytisins og hreyfði Hæstiréttur Íslands ekki við þeirri niðurstöðu í dómi sínum í máli nr. 458/2002. Dómsniðurstaða Hæstaréttar lá fyrir þann 14. nóvember 2002 og voru uppkosningar boðaðar af bæjarstjórn Borgarbyggðar þann 17. nóvember 2002, að fenginni tillögu bæjarráðs og yfirkjörstjórnar. Uppkosningar fóru fram laugardaginn 7. desember 2002 og var ný kjörskrá var gefin út fyrir kosningarnar þar sem viðmiðunardagur var 16. nóvember 2002. Aftur á móti voru engar aðrar breytingar gerðar varðandi önnur atriði og óbreyttir framboðslistar í kjöri.

Fyrirspurn Alþingis til dómsmálaráðuneytisins.

Svo sem rakið var í upphafi hefur Alþingi farið þess á leit að dómsmálaráðuneytið geri grein fyrir þeim reglum sem gilda um uppkosningar, þar á meðal um ákvörðun kjördags, skipan kjörstjórna, gerð kjörskrár, framboð, umsóknir um listabókstafi stjórnmalasamtaka og atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, bæði innanlands og í útlöndum. Verður hér gerð grein fyrir hverju atriði fyrir sig, en setja verður þann fyrirvara að skýrum lagareglum er sjaldnast til að dreifa og kosningar af þessu tagi hafa ekki verið haldnar áður.

Kjördagur.

Eins og áður var getið skal dómsmálaráðuneytið í framhaldi ógildingar á kosningum ákveða kjördag, svo fljótt sem við verður komið og eigi síðar en innan mánaðar. Ekki verður dregin afdráttarlaus ályktun af orðalagi 1. mgr. 115. gr. laga nr. 24/2000, eða eldri lagaákvæðum um sama efni, um hvort kjördagur skuli *ákveðinn* innan mánaðar, eða *vera* innan mánaðar. Ráðuneytið telur þó mikilvægt að uppkosningar fari fram svo fljótt sem unnt er og því varlegast að túlka ákvæðið sem svo að kjördagur uppkosninga verði innan mánaðar frá ógildingu Alþingis.

Skipan kjörstjórna.

Engin ákvæði er að finna í lögum sem mæla fyrir um hvort skipa skuli nýja kjörstjórn fyrir uppkosningar, eða hvort sú sem fyrir er starfa áfram. Þó skal bent á að samkvæmt 12. gr. laga um kosningar til Alþingis skal Alþingi kjósa eftir hverjar almennar alþingiskosningar fimm manna landskjörstjórn og jafnmarga til vara. Yfirkjörstjórnir skulu kosnar á sama hátt, sbr. 1. mgr. 13. gr. laganna. Þar sem landskjörstjórn og yfirkjörstjórnir heyra undir Alþingi telur ráðuneytið ekki rétt að fjalla frekar um þetta atriði eða um heimildir Alþingis til að gera breytingar á kjörstjórnnum fyrir uppkosningar.

Kjörskrá.

Svo sem að framan greinir voru árið 1959 gerðar breytingar á lagaákvæðum um gerð kjörskrár. Þar var horfið frá skyldu til að semja kjörskrá á hverju ári, sem hafði eins árs gildistíma, og í stað þess mælt fyrir um að kjörskrá skyldi einungis semja þegar kosningar til Alþingis stæðu fyrir dyrum. Í frumvarpi til þeirra laga voru skýr ummæli um að kjörskrá skyldi þá gilda um þær kosningar einar, þar á meðal uppkosningar, ef því væri að skipta. Ráðuneytið telur í ljósi þessara ummæla að við uppkosningar til Alþingis skuli nota sömu kjörskrá og við fyrri kosningar. Með sömu kjörskrá er átt við kjörskrána eins og hún leit út á kjördag 25. september síðastliðinn með þeim leiðréttingum sem gerðar voru á kjörskránni fram til þess dags. Í því sambandi bendir ráðuneytið einnig á að önnur niðurstaða, það er gerð nýrrar kjörskrár, kynni vegna búferlaflutninga að leiða til þess að einhverjir kjósendur gætu greitt atkvæði tvisvar sinnum í kosningum til sama Alþingis og aðrir kjósendur aldrei. Slíkt samræmis vart grundvallarstöðum lýðræðisins né jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Aukinheldur telur ráðuneytið að þegar litið er til lagaþróunar sem

rakin var að framan, megi draga þá ályktun að í uppkosningum felist fyrst og fremst endurtekning atkvæðagreiðslu, en ekki nýjar kosningar eða nýtt ferli. Að áliti ráðuneytisins hefur framangreindur dómur bæjarþings Reykjavíkur ekki áhrif á þessa niðurstöðu.

Framboð.

Ráðuneytið telur, sem fyrr segir, að uppkosningar séu hluti af sama ferli og almennu kosningarnar og einungis sé um endurtekna atkvæðagreiðslu að ræða. Því sé kosið um sömu framboðslista og áður. Ekki verði unnt að bjóða fram nýja framboðslista eða draga framboð til baka. Það er þó ekki útilokað að framboð muni láta reyna á þessi atriði en það er þá hlutverk yfirkjörstjórna að skera úr.

Umsóknir um listabókstafi.

Ráðuneytið bendir á að unnt er að sækja um listabókstaf hvenær sem er. Ný framboð gætu aftur á móti ekki boðið fram við uppkosningar jafnvel þótt þau fengju úthlutað listabókstaf áður en hún fer fram sbr. það sem fram hefur komið hér að framan.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar færi við uppkosningu fram með venjubundnum hætti, jafnt innanlands sem erlendis, og ætti að geta hafist degi eftir að kjördagur hefur verið auglýstur.

Samantekt.

Í samræmi við framangreint er það álit dómsmálaráðeytisins að uppkosningar feli einungis í sér endurtekningu á atkvæðagreiðslu í tilteknu kjördæmi, þar sem notast skuli við sömu kjörskrá og áður og sömu framboð eru í kjöri. Ekki er þannig um nýtt ferli að ræða heldur framhald á því ferli sem áður var hafið með hinum reglubundnu kosningum. Ákvæði 2. mgr. 115. gr. um að uppkosning fari að öðru leyti fram „samkvæmt fyrirmælum“ laga nr. 24/2000, beri því að skilja sem svo að um framkvæmd endurtekinnar *atkvæðagreiðslu*, talningar og svo framvegis, fari eftir ákvæðum laganna. Ráðuneytið ítrekar þó enn á ný að fáum skýrum lagareglum um uppkosningar er til að dreifa og slíkar kosningar hafa ekki áður farið fram í heilu kjördæmi. Aukinheldur þá dreifist ábyrgð á framkvæmd kosninga til Alþingis á fleiri aðila, þar með taldar yfirkjörstjórnir, sem ráðuneytið hefur hvorki boðvald yfir né eftirlit með. Því verður á engan hátt útilokað að við skipulagningu og framkvæmd uppkosninga kæmu í ljós enn fleiri vafaatriði en þau sem hér hefur verið fjallað um og að um þau rísi ágreiningur.